

**Nd.**

**785. Frumvarp til laga**

[435. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. tekjuskattslaga skal óráðstafaður persónuafsláttur, sem nýtist til greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988, ekki vera hærri en 38 021 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 1988 vegna tekna ársins 1987.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Í gildandi lögum, þ.e. 2. mgr. laga nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, er ákveðið að óráðstafaður persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu eignarskatts á árinu 1988. Þetta ákvæði var sett til samræmis við þær reglur sem gilda í staðgreiðslu, en samkvæmt þeim mun persónuafsláttur ekki ganga til greiðslu eignarskatts.

Þegar fyrirframgreiðsla á árinu 1988 var ákveðin í byrjun þessa árs og í ljós kom að ýmsir aðilar fengu fyrirframálagningu vegna eignarskatts sem ekki höfðu greitt eignarskatt áður, m.a. ellilífeyrisþegar, var ákvæði þetta tekið til athugunar. Ástæðan fyrir þessu er sú að hjá þeim sem hafa verið undir skattleysismörkum hefur persónuafsláttur gengið til greiðslu á eignarskatti á árum áður.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að hluti af ónýttum persónuafslætti skuli nýtast til greiðslu eignarskatts manna á árinu 1988. Er við það miðað að sú fjárhæð verði ekki hærri en 38 021 kr. Þetta hefur það í för með sér að þeir sem nýta alla þessa upphæð til greiðslu eignarskatts borga ekki eignarskatt af hreinni eign sem nemur allt að 6 milljónum króna hjá einstaklingi og tvöfaldri þeirri upphæð hjá hjónum.

Hins vegar er ljóst að þessi breyting hefur það ekki í för með sér að slíkt hið sama gildi á næsta ári og verður því að taka það mál til sérstakrar athugunar áður en kemur til álagningar á árinu 1989.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er gerð breyting á 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna sem kveður á um að óráðstafaður persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988. Þessi breyting hefur því það í för með sér að hluti af ónýttum persónuafslætti, að fjárhæð allt að 38 021 kr., nýtist til greiðslu eignarskatts á árinu 1988.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.